

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Sæmundsson, greiði kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga í stað sektarinnar. .

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18. febrúar 1987 að telja.

Sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gísla Ísleifssonar hrl., kr. 14.000,00, greiði ákærði að hálfu en ríkissjóður að hálfu.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. mars 1988.

Nr. 16/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Þorvaldi Guðmundssyni

(Jón G. Briem hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 10. mars 1987 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingu en staðfestingar um sviptingu ökuleyfis.

Engin vitni eru að því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni Ö-5179 frá Túngötu 21 í Grindavík að heimili sínu á Sjónarhóli þar í bæ aðfaranótt sunnudagsins 27. nóvember 1983. Þegar rannsókn hófst eftir hádegi sama dag vegna kæru um að ekið hefði verið á bifreiðina A-2147 í Túngötu þá um nóttina, stóð bifreiðin Ö-5179 á Túngötu skammt undan. Skemmdir á henni þóttu benda til að hún hefði rekist á A-2147 og beindist grunur að ákærða. Eins og fram kemur í forsendum héraðsdóms sagði ákærði við yfirheyrslu hjá lögreglu

sama dag, að hann hefði um nóttina ekið bifreiðinni heim til sín. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa orðið var við að hafa ekið á A-2147 en taldi það hugsanlegt, þar sem hann hefði fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Fyrir dómi féll hann frá þessum framburði og hefur síðan haldið fast við, að hann hafi ekki ekið bifreiðinni um nóttina.

Hinn 15. þ.m. voru nokkur vitni yfirheyrð vegna þessa máls í sakadómi Grindavíkur, auk þess að ákærði kom aftur fyrir dóm. Mágkona ákærða, sem býr að Túngötu 21, kveður hann oft hafa skilið bifreiðina eftir í innkeyrslunni við húsið og þar sá vitnið hana standa kvöldið áður en þessi atvik gerðust. Vitnið segist svo hafa vaknað um kl. 5 - 6 við það að bifreið virtist vera ræst og ekið brott. Vitnið gáði ekki hverjir væru þar á ferð. Faðir ákærða og skráður eigandi bifreiðarinnar kvaðst ekki hafa ekið henni þessa nótt. Að henni voru tvennir lyklar til. Aðra hafði hann sjálfur en hina ákærði. Vitnið Jóhann Sigurbjörn Ólafsson bar á sínum tíma fyrir lögreglu, að það hefði ekið bifreiðinni fyrir ákærða í sjoppuferð fyrr um kvöldið og síðan lagt henni í Túngötu, öfugt miðað við akstursstefnu. Þeir hafi síðan farið inn í Túngötu 21 og skömmu síðar í annað hús, þar sem þeir þreyttu drykkju. Um miðnætti hefðu þeir farið að samkomuhúsinu Festi smástund, þar sem ákærði hefði orðið eftir, enda orðinn of ölvaður. Hafi vitnið ekki séð ákærða aftur þetta kvöld, en á leiðinni heim um kl. 3 hafi það tekið eftir því að bifreiðin væri komin upp í innkeyrsluna við Túngötu 21. Þetta vitni kom ekki fyrir dóm við meðferð málsins í héraði en hvarf nú frá þessum framburði og hélt fast við, að það hefði sjálft lagt bifreiðinni í innkeyrsluna en ekki úti á götu, og væri fyrri framburður þess rangur. Vitnið kvaðst muna að það hefði ekki haft lykla bifreiðarinnar á sér, er það kom heim til sín um nóttina og telur líklegt að það hafi skilið þá eftir á Túngötu 21. Er það kom heim til sín hafi það verið lyklalaust, hafði týnt lyklum sínum, en faðir þess leitað í vösum þess og enga lykla fundið. Vitnið fullyrti að framburður ákærða þess efnis, að það hafi fyrst afhent honum lyklana um hádegisbil daginn eftir, sé rangur. Ákærði hélt fast við að Jóhann hefði fyrst afhent sér lyklana daginn eftir en kvaðst nú ekki muna hvar bifreiðinni hefði verið lagt eftir sjoppuferðina kvöldið áður. Fyrir þá ferð hefði hún hins vegar staðið öfugt miðað við

akstursstefnu við grindverk Túngötu 21. Hann kvaðst ekki kannast við undirskrift sína á skýrslu um yfirheyrslu yfir sér, en taldi þó ekki útilokað að þar væri sín skrift. Hann mundi eftir að hafa verið yfirheyrður og kvaðst hafa beðið um að tekið væri úr sér blóðsýni en því verið hafnað.

Í héraðsdómi er rakið, að tveir lögreglumenn hafi fyrir dómi staðfest efni lögregluskýrslunnar um framburð ákærða og undirskrift hans. Í annarri lögregluskýrslu kemur fram, að ákærði hafi við þessa yfirheyrslu sagst hafa komið á bifreiðinni frá Sjónarhóli um kl. 13 umræddan sunnudag og lagt henni á Túngötu, þar sem lögreglumenn sáu hana eins og að framan greinir. Efni þessarar skýrslu hefur ákærði staðfest fyrir dómi. Þegar þetta er virt og það sem fram kom við framhaldsrannsókn málsins og að framan er rakið, þykir nægilega sannað að upphafleg frásögn ákærða sé rétt og hann hafi ekið bifreiðinni Ö-5179 frá Túngötu að Sjónarhóli umrædda nótt eins og í ákæru greinir.

Ákærði var handtekinn vegna ölvunar 50 mínútum eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins og færður í fangageymslu en síðan fluttur heim til sín kl. 04:20. Til marks um ölvun hans eru auk þessa frásögn hans sjálfs og framangreinds vitnis. Verður þannig að telja sannað, að ákærði hafi enn verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni heim til sín skömmu síðar.

Brot ákærða er ítrekað og varðaði við 25. gr. 2. mgr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, en varðar nú við 45. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987, er tóku gildi 1. mars 1988 og dæma ber eftir samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir samkvæmt 100. gr. 1. mgr. umferðarlaga nr. 50/1987 hæfilega ákveðin fimmtán daga varðhald. Samkvæmt 102. gr. 3. mgr. sömu laga ber að svipta ákærða ökuleyfi í tvö ár frá birtingu héraðsdóms 26. febrúar 1987 að telja.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns G. Briem héraðsdómslögmanns, 30.000,00 krónur.

Héraðsdómur var eigi birtur fyrr en 26. febrúar 1987. Áfrýjunarstefna var gefin út 10. mars s.á. en ekki birt fyrr en 16. desember

s.á. Þessi dráttur hefur ekki verið réttlættur, auk þess að málið dróst óhæfilega lengi í héraði, eins og í héraðsdómi greinir. Ber að átella þetta.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorvaldur Guðmundsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 26. febrúar 1987 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000,00 krónur, og málsvarnaraun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns G. Briem héraðsdómslögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Grindavíkur 25. apríl 1986.

Ár 1986, föstudaginn 25. apríl, er í sakadómi Grindavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins, Vatnsnesvegi 33, Keflavík af Símoni Ólasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 278/1984: Ákærvaldið gegn Þorvaldi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem var dómtekið 14. febrúar 1986 hefur ríkissaksóknari höfðað fyrir dóminum með ákæru dags. 7. júní 1984 á hendur „Þorvaldi Guðmundssyni verkamanni, Sjónarhóli Grindavík, fæddum 29. júní 1959 þar í bæ, fyrir að aka, sunnudaginn 27. nóvember 1983, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-5179 frá Túngötu 22, Grindavík, að heimili sínu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Sunnudaginn 27.11. 1983 hringdi Þorsteinn Guðmundsson, til heimilis að Túngötu 22, Grindavík, heim til Sigurðar M. Ágústssonar lögreglumanns í Grindavík, og sagði að ekið hefði verið á bifreiðina A-2147, þar sem hún hafi verið kyrrstæð við húsið nr. 21 við Túngötu í Grindavík og að tjónvaldur hefði ekið af vettvangi. Í lögregluskýrslum er talað um húsið Túngötu 22 en átt mun vera við húsið nr. 21 við Túngötu eins og fram kemur í öðrum gögnum málsins. Lögreglumenn fóru á staðinn og beindist grunur þeirra að bifreiðinni Ö-5179, sem að sögn íbúa hússins að Túngötu 21 í Grindavík hafi verið kyrrstæð í innkeyrslu hússins nóttina áður. Sú

bifreið er í eigu Guðmundar Þorsteinssonar, til heimilis að Sjónarhól, Grindavík, föður ákærða í máli þessu, en ákærði hafði að sögn verið umráðamaður bifreiðarinnar það kvöld.

Sunnudaginn 27.11. 1983 kl. 00:50 handtók lögreglan í Grindavík ákærða við félagsheimilið Festi í Grindavík vegna ölvunar og færði hann í fangaklefa í Grindavík. Kl. 04:20 þann dag var ákærða hleypt úr fangaklefanum og honum ekið heim til sín. Ákærði var tekinn til yfirheyrslu hjá lögreglunni í Grindavík vegna hins meinta ölvunaraksturs þennan dag kl. 15:30. Þá viðurkenndi ákærði að hafa farið heiman frá sér stuttu eftir að lögreglan hafði ekið honum heim og hafa gengið að Túngötu 21 í Grindavík til að sækja bifreiðina Ö-5179 sem hann hafði skilið þar eftir. Ökumaður fyrr um kvöldið hafi verið Jóhann Ólafsson, til heimilis að Gördum í Grindavík. Mætti kveðst hafa komið að bifreið sinni um kl. 04:40 - 05:00 og hafi hann farið beint inn í hana og sett í gang og ekið afturábak út úr innkeyrslu hússins og þaðan heim til sín að Sjónarhól. Ekki kveðst mætti hafa orðið var við að hafa ekið utan í bifreiðina A-2147 við þetta tækifæri. Ákærði viðurkenndi að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn.

Í yfirheyrslum hér fyrir dómi hefur ákærði dregið þann framburð sinn til baka að hann hafi ekið bifreiðinni Ö-5179 undir áhrifum áfengis í nefnt sinn. Honum var sýnd skýrsla lögreglu frá 27.11. 1983 og kvaðst hann aðspurður kannast við undirskrift sína á henni, nema hvað hann kannaðist ekki við stafinn G í föðurnafni sínu. Hann kvaðst aldrei hafa játað fyrir rannsóknarlögreglu að hann hafi ekið undir áhrifum áfengis í nefnt sinn. Vitnið Sveinbjörn Ægir Ágústsson lögreglumadur, sem var viðstaddur skýrslutökuna hjá lögreglu, hefur hér fyrir dómi lýst því yfir að hann hafi verið viðstaddur undirskrift Þorvalds á skýrsluna og að hún hafi verið lesin fyrir hann. Sigurður Ágústsson lögreglumadur í Grindavík, sem tók skýrsluna af ákærða, hefur bæði fyrir rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi staðfest að Þorvaldur hafi gengist við akstri sínum í nefnt sinn. Ekki voru nein vitni að akstri ákærða svo vitað sé.

Telja verður sannað að ákærði hafi fyrir rannsóknarlögreglu viðurkennt akstur bifreiðarinnar Ö-5179 undir áhrifum áfengis frá Túngötu 21, Grindavík að heimili sínu, Sjónarhóli, Grindavík. Síðari framburður hans hér fyrir dómi þykir engu þar um breyta.

Með framburði ákærða fyrir rannsóknarlögreglu og í samræmi við önnur gögn málsins telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá sem greinir í ákæru og varðar hún við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sbr. lög nr. 54/1976.

Samkvæmt sakavottorði hefur hann sætt eftirtöldum kærnum og refsingum: „1982 8/11 í Keflavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 6 mán. frá 8/11 1982.“

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 18.000,00 kr. sekt í ríkissjóð sem greiðist innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa en ella sæti ákærði 15 daga varðhaldi í hennar stað.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, þ.m.t. ítrekunaráhrif (sic), skal ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns G. Briem hdl., kr. 11.000,00.

Rekstur máls þessa hefur dregist óhæfilega bæði hjá lögreglu og dómara og stafar það að nokkru af miklum önnum dómarans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Þorvaldur Guðmundsson, greiði sekt kr. 18.000,00 í ríkissjóð, sem greiðist innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa, en ella sæti ákærði 15 daga varðhaldi í hennar stað.

Ákærði er sviptur ökuleyfi æfilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Jóns G. Briem hdl. kr. 11.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
